

**Ed. 1004. Frumvarp til laga**

um bann á veiði og sölu fisksmælkis.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1945.)

1. gr.

Bannað er að veiða, flytja í land, selja eða kaupa, hvort heldur til sölu innan lands eða til útflutnings, skarkola og þykkvalúru smærri en 27 cm og sandkola og langlúru smærri en 33 cm. Bannað er og að kaupa eða selja innan lands eða til útflutnings þorsk og ýsu smærri en 40 cm. Málin eru lengd þessara fisktegunda frá trjónubroddi á sporðsenda.

2. gr.

Nú er stærri fiskur en í 1. gr. getur og sömu tegundar ætlaður til útflutnings nýr eða saltaður eða til frystingar hér, og skal þá sá fiskur metinn og flokkaður samkvæmt reglum, er um það gilda á hverjum tíma. Fiskimatsmönnum og matsmönnum frystihúsanna ber að hafa sérstakt eftirlit með því, að ekki sé skipað á land eða seldur smærri fiskur en í 1. gr. segir, og skulu þeir tilkynna hlutaðeigandi yfirmatsmanni tafarlaust, ef út af því bregður.

3. gr.

Fiskimatsstjóri sér um framkvæmd þessara laga. Skulu yfirfiskimatsmenn hver í sínu umdæmi svo og yfirmatsmaður freðfisks hafa eftirlit með því, að ákvæði laganna séu haldin.

Yfirfiskimatsmenn skulu jafnframt hafa eftirlit með því, að framfylgt sé lögum og reglugerðum, er gilda á hverjum tíma um möskvastærð veiðarfæra. Með samþykki fiskimatsstjóra geta þeir falið fiskimatsmönnum að annast þetta eftirlit, þá er þeir geta ekki komið því við sjálfir. Kostnaður við eftirlitið greiðist úr ríkissjóði, og ákveður ráðherra greiðslu fyrir starfið.

#### 4. gr.

Fiskideild atvinnudeildar háskólans skal jafnan heimilt að rannsaka hinar ýmsu tegundir af fiski hjá seljendum hans eða kaupendum. Skal þeim og skylt að selja deildinni þann fisk, er hún þarf að kaupa til rannsókna, við sannvirði.

#### 5. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara skal, eftir því sem þurfa þykir, fella inn í reglugerðir um fiskimat og reglugerð um dragnótaveiði, eftir því sem við á.

#### 6. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum eins og hér segir:

1. Fyrir fyrsta brot 500 krónur.
2. Fyrir hvert ítrekað brot 1000 krónur.

Auk þess má, ef miklar sakir eru, svipta skipstjóra skipstjóraréttindum, hafi hann brotið þrisvar sinnum eða oftar.

#### 7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 19 28. maí 1941, um veiði, sölu og útflutning á kola.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Fiskimatsstjóri hefur samið frumvarpið, en það hefur síðan verið yfirfarið af fiskimálastjóra og Árna Friðrikssyni fiskifræðingi, og mæla þeir með því, að það verði að lögum.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu, saminn af fiskimatsstjóra.

„Hjá flestum fiskveiðapjóðum eru sett lög um verndun á stofni ýmissa nytjafiska. Hér var þetta gert að nokkru með lögum um dragnótaveiðar 1937 og 1940, en einkum með reglugerð nr. 50 14. maí 1937. Með ákvæðum hennar var þó ekki séð fyrir virku eftirliti, og svo var komið árið 1941, að vegna rányrkju við kolaveiðar botnvörpu- og dragnótabáta þótti nauðsynlegt að setja lög nr. 19 28. maí 1941, um veiði, sölu og útflutning á kola. Voru þau að ýmsu ákveðnari en hin eldri löggjöf, en komu aldrei til framkvæmda. Í þeim var gert ráð fyrir eftirliti fiskimatsmanna með veiðarfærum og mati á öllum kola. Hefði þetta orðið alldýrt í framkvæmd, en að vísu haft þýðingu fyrir verndun kolastofnsins, en litla hagnýta þýðingu aðra, eins og þá stóð á. Þó voru samdar eða umsamdar tvær reglugerðir til samræmis við löginn, önnur um gerð og möskvastærð dragnóta, en hin um útflutning og mat á ísvörðum fiski. Var þessu lokið 10. júlí 1941, en um þær mundir var gerður samningur um sölu nær allra sjávarafurða héðan til Bretlands. Í þeim samningi var ekki áskilið mat á öðrum fisktegundum en saltfiski, og þótti þá ekki rétt að íþyngja útgerð veiðiskipanna með kostnaði, sem leiddi af framkvæmd laganna. Hafa þessir samningar um sölu til Breta verið gerðir á hverju ári síðan, en í samningi fyrir yfirstandandi ár er í fyrsta sinn áskilið mat eða eftirlit með öllum ísvörðum og hraðfrystum fiski, er Bretar kaupa héðan.

Hefur nú verið upp tekið mat á öllum nýjum fiski, sem fluttur er út ísvarinn eða keyptur til hraðfrystingar í landinu. Er þá um leið auðvelt að hafa eftirlit með lágmarksstærð fisktegunda, án þess að það hafi aukinn kostnað við matið í för með sér.

Lögin frá 1941 gera aðeins ráð fyrir mati á kola. Í þeim lögum er lágmarksstærðin á fiskinum miðuð við bæði lengd og þyngd, en í veiðiskipum mundi reynast óframkvæmanlegt að fylgja vogarákvæðinu. Þá er og skipun matsins nokkuð óákveðin, og að sjálfsögðu eru lögin ekki miðuð við það skipulag, sem nú er orðið í þessu efni.

Frumvarp það, er hér kemur fram, á að bæta úr þessum göllum. Þar er lágmarksstærðin miðuð við lengd eingöngu. Fiskimatsstjóri hefur gert og látið gera athuganir um hlutföllin milli þyngdar og lengdar á kolategundum. Var þetta gert í Reykjavík, á Ísafirði og í Vestmannaeyjum, og eru lengdarmál þau, sem tekin eru upp í frumvarpið, fengin með niðurstöðum af þeim athugunum. Ýsustofninn hefur eyðzt mjög á síðari árum, og af þeirri ástæðu út af fyrir sig er gild ástæða til að takmarka veiði smælkisins.

En auk þess er smærri þorskur og ýsa en 40 cm óhæf verzlunarvara, bæði á útlendum og innlendum markaði, og því er sölubann á þessu smælki tekið með.“